

## Jón Prándur Stefánsson

---

**Frá:** Friðrik J. Arngrímsson <f@ships.is>  
**Sent:** mánudagur, 11. mars 2024 17:16  
**Til:** Matvælaráðuneyti; Jón Prándur Stefánsson  
**Afrit:** fa@fisk.is; Kristinn Kristófersson; Gylfi Guðjónsson  
**Efni:** Byggðakvóti Sauðárkróks.

Matvælaráðuneytið,  
Jón Prándur Stefánsson sérfræðingur,  
Skrifstofa sjávarútvegs.

[mar@mar.is](mailto:mar@mar.is); [jon.stefansson@mar.is](mailto:jon.stefansson@mar.is)

Seltjarnarnesi 11. mars 2024.

FISK-Seafood hf., kt. 461289-1269, Háeyri 1, 550 Sauðárkróki sem rekur útgerð og fiskvinnslu á Sauðárkróki hefur falið mér að gæta hagsmuna félagsins vegna úthlutun byggðakvóta byggðarlagsins Sauðárkróks sbr. 10. grein laga nr. 116/2006 og ákvæði reglugerðar nr. 852/2023 um útlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðárinu 2023/2024.

Samkvæmt ákvæðum 4. ml. 5. mgr. 10. greinar laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða getur ráðherra „heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum **enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.**“

Samkvæmt ákvæðum 1. ml. 7. mgr. 10. greinar laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiðar er fiskiskipum „**skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. tölul. 1. mgr. og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur**“.

Þá segir í 2. ml. 7. mgr. 10. gr. laganna að ráðherra sé „**heimilt að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna.**“

Af þeim gögnum sem birt hafa verið á heimasíðu Matvælaráðuneytisins verður ekki séð að tillögur Sveitarstjórnar Skagafjarðar sem samþykktar voru á fundi sveitarstjórnarinnar þann 17.1.2024 um að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í byggðarlaginu Sauðárkróki séu studdar rökum og því síður að byggt sé á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni byggðarlagsins. Þetta við um öll þrjú atriðin sem tillögurnar lúta að.

Þvert á móti þá verður ekki betur séð en að tillögurnar gangi beinlínis gegn ákvæðum laganna og markmiðum með úthlutun byggðakvóta til byggðarlagsins, ólíkt því sem væri ef ákvæði laganna og reglugerðarinnar giltu óbreytt.

Rétt er að taka fram að öll skip sem umbjóðandi minn gerir út frá Sauðárkróki eru yfir 50 BT og að hann gerir ekki kröfur um að afli sem fyrirtækið kaupir til vinnslu á Sauðárkróki af þriðja aðila sé „ofurkældur“ eins og sveitarstjórn Skagafjarðar er kunnugt um.

Með vísan til framangreinds er þess farið á leit f.h. FISK-Seafood ehf. að umræddar tillögur Sveitarstjórnar Skagafjarðar varðandi byggðarlagið Sauðárkrók nái ekki fram að ganga.

Það veður sérstaka athygli að í samþykkt atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd sveitarfélagsins Skagafjarðar frá 12.

janúar 2024 segir m.a.: „Verði brögð að því að úthlutaður byggðakvóti nýttist ekki innan sveitarfélagsins með framsali hans, getur komið til álita að á næsta fiskveiðarári leggi nefndin til að engar sérreglur verði settar um úthlutun byggðakvóta.“

Þess er farið á leit matvælaráðuneytið kanni sérstaklega hvort aðilar sem hafa fengið úthlutað byggðakvóta Sauðárkróks

hafa framselt hann og ef svo er verði ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 10. greinar laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða beitt við

úthlutun byggðakvóta fiskveiðarárið 2023/2024. Þannig verði settar „reglur um að ekki sé heimilt að úthluta aflaheimildum

til skipa sem fluttar hafa verið meiri aflaheimildir frá en þær heimildir sem fluttar hafa verið til skipanna á tilteknu fiskveiðarári.“

Í samtali okkar þann 8. mars sl. kom fram að matvælaráðuneytið hafi þann 28. febrúar s.l. sent sveitarstjórn Skagafjarðar

erindi og farið fram á rökstuðning fyrir hluta tillagna sveitarfélagsins.

Þess er farið á leit að undirrituðum verði f.h. umbjóðanda míns sent afrit af öllum samskiptum sem þegar átt hafa sér stað

á milli ráðuneytisins og sveitarfélagsins varðandi málið og sama gildir um þau samskipti sem kunna að eiga sér stað héðan í frá.

Þá er þakkað fyrir boð um að fá tilkynningu eigi síðar en sjö dögum áður en tekin verður afstaða til tillagna sveitarstjórnar

Skagafjarðar en verði ekki brugðist frekar við af hálfu umbjóðanda míns sendur það sem hér hefur komið fram óbreytt.

Í samtali okkar kom fram að ég tel vandséð að birting tillagna sveitarstjórna með þeim hætti sem hingað til hefur tíðkast

uppfylli áskilnað 5. ml. 5. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða um birtingu „með aðgengilegum hætti“ og því sé full ástæða

til að huga sérstaklega að því máli.

Virðingarfyllt,

f.h. FISK-Seafood ehf.

Friðrik J. Arngrímsson



Saga skipamiðlun ehf. / Saga Shipbrokers Ltd.

Friðrik J. Arngrímsson

Löggiltur fasteigna og skipasali / Chartered Shipbroker

Sími/Tel: +354 824 2310 / +354 892 8745

[f@ships.is](mailto:f@ships.is) - [www.ships.is](http://www.ships.is)